

Við mælum með því að þið gerið LIKE á síðurnar okkar
[facebook.com/astjorn](https://www.facebook.com/astjorn)
til þess að geta fylgst betur með þegar nýjar myndir eða upplýsingar birtast þar.
og [instagram.com/astjorn](https://www.instagram.com/astjorn)
Og myndbönd á [youtube.com/astjorn](https://www.youtube.com/astjorn)
og fönðurhugmyndir á [pinterest.com/astjorn/föndurhugmyndir](https://www.pinterest.com/astjorn/föndurhugmyndir)



Bréf til foreldra
Geymið þetta bréf!
2. flokkur: 6-12 ára
4.-12. júlí

Skrifstofa og uppl.: Pósthólf 418 · 602 Akureyri · Sími 462 3980
Heimasíða: astjorn.is · Netfang: astjorn@gmail.com
Sumarbúðirnar Ástjörn: Kelduhverfi · 671 Kópasker · Sími 465 2262 (símatími barna)
Kt. 580269-0609 · Reikn.nr. í Landsbanka Íslands 0162-26-18363
Sumarbúðastjóri: Árni Hilmarsson · Sími 860 2262

Kæri verðandi Ástirningur, kærur foreldrar!
Í þessu bréfi, sem er sent vegna tilvonandi dvalar barnsins við Ástjörn sumarið 2024, eru flestar nauðsynlegar upplýsingar. Lesið bréfið vandlega (einnig aðgengilegt á astjorn.is/gogn).

Hvað þarf að gera núna?

Athugaðu fyrst, hvort þú hafir fengið öll nauðsynleg gögn.

Fyrir utan þetta bréf áttu að hafa fengið:

- **Upplýsingaseðil.** Fylla út sem rafrænt PDF skjal (astjorn.is/gogn) **viku áður en barnið kemur.** Einnig má handskrifa, skanna og senda.
- **Útbúnaðarlista.** Upplýsingar og góð ráð um hvað barnið taki með sér.
- „Umslag“ í PDF skjali til að prenta út, ef þörf er á (t.d. undir lyf).
- **Kröfu** í heimabanka (eða greiðsluseðil) til að greiða dvalargjaldinu. Þar af eru 5000 kr. óafturkræfar en eru annars hluti af dvalargjaldinu. Nánari upplýsingar veittar í síma 462 3980 eða tölvupósti astjorn@gmail.com.

Í tíma fyrir brottför

Margt þarf að athuga áður en farið er til Ástjarnar. Þeim börnum, sem eiga við einhvers konar veikindi að stríða, skal eftir atvikum fylgja læknavottorð, þar sem fram komi hvers eðlis veikindi barnsins eru og fyrirmæli gefin um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv.

Við Ástjörn eiga allir sitt númer, svokallað **fatánúmer**, sem við úthlutum hverju barni. Númer barnsins skal skrifa á *Upplýsingaseðilinn*. Ef farangur barnsins er ekki þegar merktur er mjög **mikilvægt** að merkja allt með númeri barnsins; fatnað, leikföng, bækur o.s.frv. Notið sérstakan fatatússpenna sem þolir þvott, eða aðra merkingu. Merkið líka fötin sem barnið kemur í. Athugið að **merkja vel töskur með nafni og númeri barnsins**, en ekki t.d. nafni foreldra.

Ef hætt er við dvöl af einhverjum ástæðum, vinsamlegast látið þá strax vita, svo hægt sé að nýta plássíð. Ef minna en ein vika er eftir þar til dvöl á að hefjast, og þá hætt við dvöl fyrirvaralaust, ber að greiða 50%.

Útsíður : Brjótíð hér

Brottfarardagurinn

Mæting í rútu Ástjarnar er á Akureyrarflugvelli kl. 12 og brottför með rútnni um kl. 12:30, fimmtudaginn 4. júlí.

Flug: Reykjavík–Akureyri:

Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. Bókið flugið tímanlega á vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug

Á vefsíðunni kemur fram verð og fleiri upplýsingar varðandi sumarþúðafar-gjaldið RKV–AEY–RKV fyrir barn á leið til Ástjarnar. Fólk á vegum Ástjarnar eða flugfélagsins fylgir börnunum í flugvélinni. Flugvélin fer frá Reykjavík kl. 11:05 (mæting kl. 10:20). Það er mikilvægt að börnin hegði sér vel í flugvélinni.

Barninu ekið til Ástjarnar á einkabíl:

Ef foreldrar vilja koma sjálfir með barnið þá mætið milli kl. 14 og 15 til Ástjarnar. Það tekur tæpar 2 klst. að aka frá Akureyri til Ástjarnar.

Oft vilja foreldrar taka eitthvað fram við forráðamenn Ástjarnar. Erfitt er að taka við slíkum upplýsingum munnlega. Eru foreldrar hvattir til að skrifa slíkt á bakhlið *Upplýsingaseðilsins* eða senda tölvupóst á astjorn@gmail.com. Slík bréf eru meðhöndluð sem trúnaðarmál af forráðamönnum Ástjarnar.

Foreldrar, við viljum vinsamlegast biðja ykkur að kemma hár barnanna áður en þau koma, því að ef lús eða nit finnst á barni þá kostar það okkur mjög mikla fyrirhöfn og óþægindi.

Dvölin við Ástjörn

Börnum við Ástjörn er **skytt að hlýða öllum reglum heimilisins**. Heimilið ber ekki ábyrgð á óviðráðanlegum slysum. Ef barn skemmir eitthvað viljandi þá verður það að bæta skaðann.

Að sjálfsögðu er leyfilegt að hringja í og heimsækja börnin. Við mælumst þó til þess, að það sé ekki gert fyrstu fjóra dagana því allir þurfa tíma til að aðlagast nýju umhverfi. Forráðamenn Ástjarnar eru alltaf tilbúnir að ræða við ykkur um hvernig gangi. Einnig er hægt að senda börnunum tölvupóst á astjorn@gmail.com (sem við prentum út). Börnin hafa ekki aðgang að síma og þeim er **ekki leyft að hafa farsíma eða snjallúr** og geta því ekki haft samband að fyrra bragði, en þau eru hvött til að skrifa heim og geta fengið bæði bréfsefni og frímerki ókeypis.

Foreldrar og aðrir geta hringt í síma 465 2262 á **símatíma barnanna dagana 8.-11. júlí kl. 10:30-12**. Við hvetjum foreldra til að hringja sem fyrst þá, ef börnin vænta símtals. Ef þú ert á leið í heimsókn, vinsamlegast hringdu fyrst.

Börnin geta ekki verslað við Ástjörn og því óþarfi að koma með vasapening.

Ef þið sendið barninu pakka með t.d. blöðum eða leikföngum þá **setjið ekkert sælgæti í pakkann**, slíkt vekur oft ófund hinna barnanna. Börnin fá sælgæti á ákveðnum dögum. Hægt er að senda pakka með pósti eða flutningabílum, sem fara til Ásbyrgis. Heimilisfang Ástjarnar í Kelduhverfi er fremst í þessum bæklingi.

Við vekjum athygli á því að **spjaldtölvur/tölvuleikir/tölvuspil eru ekki leyfð**.

Heimferð

Sé ekki skýrt tekið fram á upplýsingaseðli hvernig heimferð skuli háttað, munum við hafa samband við ykkur, einnig ef framburði (eldri) barna og upplýsingaseðli ber ekki saman. Hægt er að koma og ná í barnið til Ástjarnar, sækja það í rútna á Akureyri eða við sjáum um að koma barninu í flugvél.

Ástjarnarrútan kemur á Akureyrarflugvöll kl. 11:20 föstudaginn 12. júlí.

Flug: Akureyri–Reykjavík:

Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. Bókið flugið tímanlega á vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug – nánari upplýsingar þar.

Brottför á flugi frá Akureyri er kl. 12:20 og **lending í Reykjavík kl. 13:05**. Fólk á vegum Ástjarnar eða flugfélagsins fylgir börnunum í flugvélinni suður.

Barnið sótt til Ástjarnar á einkabíl:

Ef foreldrar sækja barnið sjálfir þá er best að koma ekki seinna en kl. 10:30 til Ástjarnar. Það tekur tæpar 2 klst. að aka frá Akureyri til Ástjarnar.

Þau börn sem fara með rútnni til Akureyrar, fara frá Ástjörn um kl. 9.

Eftir að heim er komið

Þegar barnið er komið heim er gott að fara yfir *Útbúnaðarlistann* og athuga strax hvort einhvern farangur vanti. Sum föt tynast og úr öðrum hverfur fatanúmersmerkingin. Flest finnst aftur og er sent í pósti í síðasta lagi í september/október. Sumt finnst aldrei og er það okkur eins mikil ráðgáta og ykkur. Í lok hvers flokks liggur eftir nokkuð af ómerktum fötum. Þeirra er hægt að vitja í síma 462 3980 eða senda fyrirspurn á astjorn@gmail.com. Mikilvægt er að hvetja barnið til að rækja það sem það lærði við Ástjörn. Foreldrar, það væri gott ef þið gæfuð ykkur tíma til að biðja kvöldbænirnar með barninu. Það er sannfæring okkar, sem vinnum við Ástjörn, að þannig getið þið líka styrkt samband ykkar og barnanna.

Ef eitthvað er enn óljóst hafið þá samband við okkur. Okkur er ánægja að því að hjálpa ykkur. Að lokum vonum við að barnið þitt eigi góða og eftirminnilega daga við Ástjörn í sumar.

Með bestu kveðju frá starfsfólki Ástjarnar!

Árni Hilmarsson
sumarþúðastjóri